



ARCCOS

CADDIE

SMART GRIPS


EINFALDAR
UPPSETNINGARLEIÐBEININGAR

**HEFURÐU EINHVERJAR
SPURNINGAR?
ÞÚ GETUR HAFT
SAMBAND VIÐ OKKUR
HVENÆR SEM ER.**

Sími: 1-844-692-7226



Netfang: starter@arccosgolf.com

Vefsíða: arccosgolf.com



SETTU UPP GRIP OG PÚTTERSKYNJARA Á KYLFURNAR


- Arccos Smart Grips má festa með sama hætti og hefðbundin grip.
- Notaðu aðeins leysiefni sem ekki eru leysanleg í vatni til að koma í veg fyrir mögulega tæringu rafhlöðunnar.
- Svarti skynjarinn skrufast í gatið efst á gripi púttersins.
- Leyfðu gripunum að þorna að uppsetningu lokinni og komdu kylfunum aftur fyrir í burðarpokanum.





SÆKTU APPIÐ OG NÝSKRÁÐU ÞIG


- Sæktu Arccos appið.
- Þegar þú opnar appið muntu fá boð um að stofna nýjan aðgang.





VELDU KYLFURNAR

- Appið mun bjóða þér að velja þær 14 kylfur sem þú hyggst spila með.
- Kylfulistinn okkar er víðtækur en ef þú ert með kylfu sem ekki kemur fram á honum skaltu velja „annað“ og velja síðan kylfu.
- Pikkaðu á „hefja tengingu“ þegar þú hefur valið allar kylfurnar.




VELDU SKYNNJARA OG TENGDU KYLFURNAR

- Byrjaðu á öllum kylfunum í burðarpokanum. Með þessum hætti kemur þú frekar í veg fyrir tengivillur við uppsetningu.
- Arccos appið mun birta þér boð um að tengja hverja kylfu fyrir sig.
- Veldu þá mynd á síðunni sem passar best við skynjarann á kylfunni þinni.


VELDU SKYNNJARA OG TENGDU KYLFURNAR (áframhald)

- Kylfan tengist sjálfkrafa þegar þú staðsetur skynjarann fyrir framan myndavél símans. Við notum háþróaða tækni og því skaltu ekki láta þér bregða þó tengingin eigi sér stað með mjög hröðum hætti.
- Athugaðu að pútterskynjarinn verður sjálfkrafa valinn fyrir þig.
- Þegar þú hefur tengt kylfu skaltu koma henni aftur fyrir í burðarpokanum þegar í stað til að koma í veg fyrir rangar tengingar.
- Haltu áfram þar til þú hefur tengt allar kylfurnar í burðarpokanum.



BÚÐU ÞIG UNDIR AÐ SPILA

- Opnaðu Arccos appið, veldu braut og ýttu á „hefja hring.“
- Komdu símanum fyrir í framvasa þínum eftir að hringurinn er hafinn.
- Athugaðu að SÍMINN VERÐUR AÐ VERA Í FRAMVASA ÞÍNUM Í HVERJU HÖGGI til að kerfi Arccos nái að greina upplýsingar með nákvæmum hætti.



Ábendingar
og ráð

STAÐSETNING

Síminn þinn veitir staðsetningarupplýsingar. Hafðu kveikt á símanum og geymdu hann í **FRAMVASANUM** á meðan þú spilar. **EKKI SKILJA SÍMANN EFTIR Í KERRUNNI EÐA BURÐARPOKANUM.** Gakktu einnig úr skugga um að kveikt sé á staðsetningu í símanum.

PÚTT

Pútterskynjarinn er hannaður til að vera einstaklega næmur og skynja jafnvel minnstu hreyfingu.

Rekist kylfan í eða sé hún óþarflega mikið meðhöndluð þegar ekki er verið að pútta getur leitt til þess að högg skráist ranglega.

RAFHLAÐA FARSÍMA

Síminn ætti að vera næstum því fullhlaðinn. 18 holu hringur eyðir um það bil 40% af hleðslu.

ÆFINGARHÖGG OG ÆFINGARSVEIFLUR

Sjálfvirk æfingarhögg, svo sem æfingarsveiflur, eru veitt fyrir ótakmarkaðan fjölda högga frá sömu staðsetningu innan 4,5 metra radíus. Þau birtast sem eitt högg. Þetta á ekki við um púttarinn.

EKKI MISSA KYL FURNAR

Ef kylfa dettur eða slæst utan í hart
yfirborð (eins og jörðu) getur það valdið
því að skynjarinn skrái högg ranglega.
Reyndu að komast hjá því að slíkt gerist.

GEYMDU KYLFURNAR Á HVOLFI

Rekist kylfur utan í hvor aðra þegar margar kylfur eru í burðarpokanum á sama tíma getur það valdið því að högg sé skráð. Til að koma í veg fyrir þetta skaltu geyma kylfurnar á hvolfi (gripið neðst í pokanum þannig að skynjarinn fari í svefnham) eða í sitthvorri höndinni.

FYRIR FREKARI UPPLÝSINGAR

arccosgolf.com/help

Ábyrgðarupplýsingar má nálgast á
arccosgolf.com/warranty
og í Arccos snjallsíma-appinu.

VARÚÐ: Haltu skynjurum fjarri börnum. Oddhvassir punktar eru til staðar á skynjurunum (þar til þeir hafa verið festir á golfkylfu) og þeir innihalda hnappaafhliður. Hafðu tafarlaust samband við lækni ef rafhlaða er gleypst. Hringdu gjaldfrjálst í síma (202) 625-3333 fyrir frekari upplýsingar um hvernig skal bregðast við. Innbyrðing getur leitt til alvarlegra meiðsla eða dauða. Rafhliður geta sprungið eða lekið og valdið bruna ef þær eru teknar í sundur, hlaðnar eða ef þær komast í snertingu við vatn, eld eða háan hita. Fargaðu notuðum rafhliðum þegar í stað. Opnaðu iPhone appið til að nálgast upplýsingar um uppsetningu skynjara og hvernig rafhliðum er skipt út. Aðeins í Kaliforníu: Perklórat - beita gæti þurft sérstakri meðhöndlun.

Þetta tæki samræmist iðnreglum kanadískra stjórnvalda hvað varðar undanþágu samkvæmt RSS-staðli eða -stöðlum. Notkun er háð eftirfarandi tveimur skilyrðum: (1) Tækið má ekki valda truflunum og (2); tækið verður að samþykkja truflanir sem kunna að berast, þar á meðal truflanir sem gætu valdið óumbeðinni virkni.

Samskiptanefnd Bandaríkjanna:

Þetta tæki uppfyllir 15. hluta reglugerðar samskiptanefndar Bandaríkjanna. Notkun er háð eftirfarandi tveimur skilyrðum: (1) Tækið má ekki valda skaðlegum truflunum og (2); tækið verður að samþykkja truflanir sem kunna að berast, þar á meðal truflanir sem gætu valdið óumbeðinni virkni.

Að gera breytingar á búnaðnum sem ekki eru samþykktar af ábyrgðaraðila hans gæti ógilt heimild notanda til þess að nota búnaðinn. Búnaðurinn hefur undirgengist prófanir og niðurstaða þeirra er að hann samræmist mörkum fyrir stafræn tæki í B flokki samkvæmt 15. hluta reglugerðar samskiptanefndar Bandaríkjanna. Þessar takmarkanir eru hannaðar til að veita viðunandi vörn gegn skaðlegri truflun við notkun á búsetusvæðum. Búnaðurinn myndar, notar og getur gefur frá sér fjarskiptatíðni og ef hann er ekki uppsettur og notaður í samræmi við leiðbeiningar getur það valdið skaðlegum truflunum á fjarskiptum. Hins vegar er ekki tryggt að tiltekin uppsetning komi alfarið í veg fyrir truflanir. Ef búnaðurinn veldur skaðlegri truflun á útvarps- eða sjónvarpsmóttöku, sem má greina með því að slökkva og kveikja á búnaðinum, er notandanum ráðlagt að reyna að lagfæra truflunina með því að gera eitt af eftirfarandi:

- Endurstilla loftnet eða koma því fyrir á öðrum stað.
- - Auka fjarlægð milli búnaðar og móttökubúnaðar.
- Tengja búnaðinn við aðra innstungu en þá sem móttökubúnaðurinn er tengdur við.
- Tengja búnaðinn við aðra innstungu en þá sem móttökubúnaðurinn er tengdur við.



ARCCOS

CADDIE

SMART GRIPS